

6. fundur Betadeildar starfsárið 2019 – 2020

Aðalfundur Betadeildar haldinn í Lionssalnum Ánni í Skipagötu 14, þann 15. maí 2020 kl. 19:00

Fundir sem áætlaðir höfðu verið í mars og apríl höfðu fallið niður vegna takmarkana Almannaþinganna á samkomum vegna Covid 19. Aðalfundurinn var því fyrsti fundur eftir að létt hafði verið á takmörkunum.

Mættar voru 23 Betakonur

Á fundinum var boðið upp á veitingar af hlaðborði smárétta. Samkoman hófst á tónlistaratriði þar sem þær systur Sólrún Svava og Sunneva Kjartansdætur spiluðu nokkur lög.

1. Setning fundar

Að loknu tónlistaratriði setti Sigríður formaður fundinn, kveikti á kertum og flutti kveðjur fjarstaddra kvenna. Sérstakar kveðjur og þakkir fyrir dásamlegan félagsskap og vináttu bárust frá Maríu Gunnarsdóttur sem komst ekki á fundinn. Hún er um þessar mundir að flytja suður yfir heiðar og að yfirgefa Betadeild.

2. Orð til umhugsunar

Hugrún Sigmundsdóttir flutti orð til umhugsunar. Hún las ljóð um vorið eftir tengdamóður sína og gerði síðan að umtalsefni sínu þær aðstæður sem sköpuðust vegna Covid 19. Hún hvatti konur til að setja á blað sínar sögur og velta fyrir sér hvernig við tökumst á við breyttar aðstæður og hvað sé það sem gefi lífinu gildi. Í þessu sambandi velti hún fyrir sér velferð og almannaheill og þá sér í lagi í samhengi við hvernig aðstæður barna og starfsfólks breyttist í Covid ástandinu í leikskólum þar sem börnin voru færri hverju sinni og greina mátti hve betur þau nutu sín í leik og starfi en ella.

3. Lestur fundargerðar

Elín las fundargerð febrúarfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

4. Erindi: Sviðslistabraut í Menntaskólanum á Akureyri

Alma Oddgeirsdóttir brautarstjóri félagsgreina-, mála- og menningarbrauta í MA og Vala Fannell verkefnastjóri sviðslistabrautar MA sögðu frá útfærslu á nýrri braut í sviðslistum við Menntaskólann á Akureyri.

Að loknu matarhléi og söfnun í pyngjuna góðu tóku við aðalfundarsstörf

5. Aðalfundarstörf

a) Skýrsla stjórnar 2018 – 2020..

Sigríður formaður flutti skýrslu stjórnar sem var samþykkt athugasemdalaust með lófataki.

b) Reikningar Betadeildar

Elín fór yfir reikninga deildarinnar í fjarveru Mörtu Lilju Olsen gjaldkera. Farið var yfir reikninga starfstímabilsins 2018-2020. Í umræðum um reikninga var rætt sérstaklega um rósakaup og spannst út frá því umræða um gildi rósarinnar í samtökunum. Rætt um mikilvægi þess að tala um tákni rósarinnar þegar gestum er afhent rós sem og kynningarbréf um samtökin. Hugmynd rædd um að sleppa jafnvel að

við værum að gefa félagskonum rósir en að minnsta kosti væri þess gætt að rósirnar væru íslensk framleiðsla og umbúðir væru sem umhverfisvænastar eða engar. Fram kom hugmynd um að gera kynningu um Betadeild, hvað hún standi fyrir og afhenda t.d. gestum sem koma á fundi. Næstu stjórn falin úrvinnsla þessa mála. Jafnframt var farið yfir reikninga Elísabetarsjóðs. Reikningar voru samþykktir.

c) Kosning stjórnar

Í uppstillinganefnd voru Fríða Pétursdóttir og Sigríður Magnúsdóttir sem ganga úr stjórn ásamt Anítu Jónsdóttur sem hefur setið síðustu tvö ár í stjórn sem fráfarandi formaður. Þær gerðu tillögu um að í nýrri stjórn sitji: Hildur Hauksdóttir, Helena Sigurðardóttir, Elín Magnúsdóttir og Hugrún Sigmundsdóttir auk Sigríðar sem mun sitja í stjórn sem fráfarandi formaður. Nýir stjórnarmenn voru samþykktir með lófaklappi. Þá fór fram kosning formanns og hlaut Hildur Hauksdóttir kosningu með lófataki. Ný stjórn mun skipta nánar með sér verkum á nýju starfsári og finna sér gjaldkera.

d) Kosning í stjórn Elísabetarsjóðs

Þorgerður Sigurðardóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir og Anna Þóra Baldursdóttir gáfu allar kost á sér áfram í stjórn sjóðsins og hlutu kosningu með lófataki.

6. Erindi frá stjórn

- Sigríður sagði frá því að búið væri að svara áreiðanleikakönnun um Betadeild í Arionbanka og senda gögn til Ríkisskattstjóra vegna nýrra laga um varnir gegn peningaþvætti sem felur í sér að skila þarf inn eyðublaði þegar stjórnarskipti eiga sér stað í félögum og eru stjórnarmeðlimir skráðir sem eigendur félagsins.
- Sigríður sagði frá drögum að dagskrá vorþingsins í Borgarnesi sem búið væri að fresta til 12. september.
- Afmælisgjafir voru færðar þeim Margréti Jónsdóttur og Sigrúnu Aðalgeirsdóttur í tilefni sextugsafmæla þeirra og Ingibjörgu Auðunsdóttur í tilefni stjötugsafmælis hennar. Allar fengu þær sannar gjafir UNICEF. Aðalbjörg Bragadóttir Betakona eignaðist son á síðasta ári og tók Ragnheiður Sigurðardóttir, amma, við lítilli bókargjöf til dóttursonar síns í fjarveru Aðalbjargar.

7. Önnur mál

- María Steingrímsdóttir hefur tekið að sér að sitja í nefnd um alþjóðadag kennara og sagði hún fyrsta fund nefndarinnar á árinu vera í næstu viku og kallaði jafnframt eftir hugmyndum að efni þingsins.
- Dregið var í happdrættinu og hlaut Hildur Hauksdóttir vinninginn.
- Aníta færði Sigríði rós og þakkir fyrir vel unnin störf í stjórn síðustu ár og hrósaði henni fyrir dugnað í formannsembætti.
- Sigríður slökkti á kertum og sleit formlegum fundi kl. 10:00.

Fundargerð ritaði Elín Magnúsdóttir